

Leiðbeiningar um útfyllingu og véltæk skil

Hlutfjármiðar, Launamiðar og Launaframtal 2000

Í þessari orðsendingu er að finna ítarlegar leiðbeiningar um útfyllingu launamiða og hlutfjármiða ásamt leiðbeiningum um útfyllingu launaframtals. Form launamiða 2000 vegna launagreiðslna á árinu 1999 er að mestu leyti óbreytt frá fyrra ári og er það fánlegt hjá ríkisskattstjóra, skattstjórum og umboðsmönnum þeirra.

Leiðréttingar

Ef í ljós kemur eftir að launamiða hefur verið skilað að upplýsingar á honum séu rangar skal sem fyrst senda inn annann miða, þar sem gerð er leiðrétting á miða með + eða - færslum í viðeigandi reiti og þess getið að um sé að ræða leiðréttingu. Séu miklar breytingar má senda inn

nýjan launamiða með beiðni um að áður sendur launamiði sé gerður ógildur. Jafnframt skal senda samrit af leiðréttingamiðum til launþega og **gera viðeigandi leiðréttingar á launaframtali.**

Véltæk skil

Þeir sem skila launamiðum með véltækum hætti þurfa ekki að skila sömu launamiðum á pappír til skattstjóra. Nóg er að skila þeim á disklingi eða bandi ásamt útfylltu og undirrituðu launaframtali. Ef skila þarf viðbótarmiðum eða ef gerðar eru breytingar á launamiðum sem skilað hefur verið vélrænt, skal gera það með því að senda launamiða RSK 2.01 (á pappír) til skattstjóra.

Launamiðum til vélrænnrar vinnslu skal skila á 3 1/2" disklingi eða lesanlegu segulbandi í samræmi við færsluteikningu sem er fánleg hjá ríkisskattstjóra. Hjá tækni-eild ríkisskattstjóra fást einnig upplýsingar um segulmiðla sem RSK tekur á móti.

Um véltæk skil á hlutfjármiðum og stofnsjóðsmiðum gilda sömu reglur og um véltæk skil á launamiðum. Sama færsluteikning er fyrir launamiða, hlutfjármiða og stofnsjóðsmiða og sömu reglur gilda og um launamiða, að þeir sem skila á véltækum miðli þurfa ekki að skila á pappír. Skila þarf samtalningsblöðum RSK 2.04 og RSK 2.06.

Upplýsingar um hluthafa/eiganda				Hlutfjármiði árið 2000		
01 Kennitala 220222-2229	Kennitala forráðanda ef eigandi er barn			Upplýsingar um hlutfélag (eða sparisjóð)		
Nafn og heimilisfang Jón Jónsson Ríma 24 112 Reykjavík				Nafn hlutfélags og kennitala 421212-1919 Verksmiðjan hf. Ríma 25 112 Reykjavík		
Hlutaþríf	75 Jöfnunarverðmæti 580.000	76 Útg. jöfnunarhlutaþríf á árinu 0	77 Hlutfjáræign í árslok 250.000	78 Greiddur arður á árinu 25.000	79 Staðgreiðsla af arði 2.500	
Stofnfjárþríf sparisjóðanna	80 Endurmat stofnfjár á árinu	81 Stofnfjáræign í árslok	84 Greiddur arður á árinu	86 Staðgreiðsla af arði		

RSK 2.045 Samrit: Til hluthafa

Munið að skilafrestur rennur út 21. janúar 2000

79 Staðgreiðsla af arði
Hér skal færa staðgreiðslu sem dregin var af greiddum arði á árinu.

75 Jöfnunarverðmæti
Hér skal færa hlutdeild í útreiknuðu jöfnunarverðmæti sem staðfest hefur verið af skattstjóra skv. bráðabirgðaaákvæði II með lögum nr. 97/1996. Aðeins skal færa jöfnunarverðmæti hlutaþrífra sem voru í eigu hluthafa í **árslok 1996**. Jöfnunarverðmætið framreiknast ekki.

76 Útgáfa jöfnunarhlutaþrífra á árinu
Hér skal færa útgefin jöfnunarhlutaþríf á árinu.

77 Hlutfjáræign í árslok
Hér skal tilgreina nafnverð hlutaþrífra í eigu hluthafa í árslok.

78 Greiddur arður á árinu
Hér skal tilgreina fjárhæð arðs á árinu. Ekki skal draga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts frá arði.

80 Endurmat stofnfjár á árinu
Hér skal færa endurmat stofnfjár í sparisjóðum sbr. 23. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.

81 Stofnfjáræign í árslok
Hér skal færa stofnfjáræign í árslok eftir endurmat.

84 Greiddur arður á árinu
Hér skal tilgreina fjárhæð arðs á árinu. Ekki skal draga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts frá arði.

86 Staðgreiðsla af arði
Hér skal færa staðgreiðslu sem dregin var af greiddum arði á árinu.

LAUNAMIÐI 2000

02 Vinnulaun:

Til vinnulauna teljast allar tegundir launa eða þóknana, greidd eða ógreidd, sem launþegi fær fyrir starf sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Til vinnulauna teljast ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, eftirlaun, launabætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir greitt ótekið orlof. Enn fremur verkfæragjald eða verkfærapeningar, fatapeningar, flutningspeningar eða greiðsla fargjalda milli heimilis og vinnustaðar, hvort sem framangreindar greiðslur eru reiknaðar sem hundraðshluti launa eða á annan hátt, landgöngufé, mistalningsfé, risnufé og stjórnar- og endurskoðunarlaun kjörinna manna. Einnig skal hér tilfærna fæðispeninga sem launþegi fékk greidda hjá vinnuveitanda sínum, þar með taldir fæðispeningar greiddir í orlofi eða veikindum og þegar skip er í heimahöfn. (Metin fæðishlunnindi skal færa í reit 33 og bifreiðahlunnindi í reit 60 sbr. skýringar við þá reiti).

63 Iðgjöld:

Í þennan reit skal færa iðgjald launamanns sem varið var til aukningar lífeyrisréttinda, að hámarki 2% af launum ársins. Gjaldið þarf að hafa verið greitt í lífeyrissjóð eða annan sjóð sem fellur undir 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

06 Heildargreiðslur til verktaka, með virðisaukaskatti

Verktaki telst sá einstaklingur eða lögaðili sem samkvæmt samningi, skriflegum eða munnlegum, tekur að sér að vinna ákveðið verk eða að inna af hendi ákveðna þjónustu gegn endurgjaldi. Verktaki ber ábyrgð á verkinu og honum ber að standa skil á launatengdum gjöldum og öðrum kostnaði vegna starfsemi sinnar. Aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim laun (launagreiðandi) ber aftur á móti ábyrgð á vinnu þeirra. Gæta skal þess að færa í þennan reit ekki aðeins greidda fjárhæð á árinu heldur fulla útgjalda fjárhæð sem stofnað hefur verið til á árinu. (Það sem kann að vera ógreitt færirst til skuldar á framtali greiðanda). Það athugist að greiðslur fyrir vörubílaakstur skal ekki færa hér heldur í reit 22.

64 Númer sérsjóðs:

Í þennan reit skal færa númer þess sjóðs sem viðbótariðgjald er greitt í. Númer lífeyrissjóða er að finna í Orðsendingu til launagreiðenda nr. 6/1999, sem RSK gaf út í nóvember, einnig á upplýsingavef ríkisskattstjóra www.rsk.is undir Atvinnurekstur - Leiðbeiningar - Launamiðar og launaframtal.

19 Sjúkradagpeningar:

Hér skal tilgreina greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga, sjúkra- og slysa-dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins og frá váttryggingafélögum.

LAUNAMIÐI 2000 LAUNAGREIÐSLUR 1999		Allar fjárhæðir skal færa í heilum krónum					
01 Kennitala launamanns	Vinnulaun þ.m.t. orlofsfé, greiðslur launþ. í lífeyrissjóð, eftirlaun o.t.l.	02	16 Okutækjastyrkur	73 Þar af undanþ. staðgr.	19 Sjúkradagpeningar		
03 Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð - 4% iðgjald í sambýskktan lífeyrissjóð. (Sjá bakhlíð)		05 Þar af v/sjómennsku sem veitir rétt til sjómannaafsláttar	17 Dagpeningar	74 Þar af undanþ. staðgr.	21 Greiðslur úr lífeyrissjóði		
08 Númer lífeyrissjóðs	Greiðslur til verktaka og verkstæða fyrir efni og vinnu	06	22 Gr. f. vörubílaakstur	60 Bifreiðahlunnindi	33 Fæðishlunnindi		
Greidd lífeyrisiðgjöld í sérsjóð 2% iðgjald	63 Iðgjöld	64 Númer sérsjóðs	Þessi reitur fyllist út af skattstjóra		31		
07 Nafn-heimili-póststöð launþega	30 Launagreiðandi-kennitala-heimili						
83 Ráðningartími sjómanna - dagafjöldi	85	87 Fjöldi lögskráðra daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga	88				
10 Hér skal tilgreina tegund vinnu ef starfsemi er í fleiri en einni atvinnugrein	12 Vikur alls	29 Aðrar greiðslur eða hlunnindi, ótalin aður, hvaða?					
Samtölur skv. sundurliðun á staðgreiðslu RSK 5.06							
70 Launafjárhæð	71 Afdregin staðgreiðsla						
RSK 2.01 9911 - ODDI HF.		Sjá leiðbeiningar á bakhlíð 2. samrits Einnig á www.rsk.is - Atvinnurekstur - Leiðbeiningar - Launamiðar og launaframtal					

03, 08 Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð:

Í 03 skal tilgreina lífeyrissjóðsgjald launþegans sjálfs en í 08 númer sjóðsins samkvæmt skrá yfir lífeyrissjóði.

05 Þar af greitt v/fiskveiða:

Hér skal færa beinar tekjur sjómanns eða hlutaráðins landmanns af fiskveiðum sem innifaldar eru í launum í reit 02.

10 Tegund vinnu:

Auðkenna skal t.d. afgreiðslustörf (afgr.), bifvélavirkjun (bifv.), framkvæmdastjórn (frkvstj.), skrifstofustörf (skrifst.), verkamannavinna (vkm.), verkstjórn (vkstj.) o.s.frv.

12 Vikur alls:

Hér skal tilgreina vikufjölda sem unninn er.

83 Ráðningartími sjómanna - dagafjöldi

Hér skal tilgreina dagafjölda ráðningartíma sjómanns. Við ráðningartíma er heimilt að bæta orlofs- og frídögum sem launþegi nýtti ekki á ráðningartíma en fékk greidda og uppgærða við lok ráðningar. Ráðningardaga má tilgreina í einni tölu fyrir allt árið. Ef hugbúnaður gerir ráð fyrir öðru má skipta dagafjölda í tvennt og færa tölu fyrir fyrri hluta ársins í reit 83 og fyrir síðari hluta ársins í reit 85.

87 Lögskráningardagar

Hér skal skrá fjölda daga sem sjómaður er lögskráður á skip. Á þeim skipum sem ekki er skylt að lögskrá á er miðað við almenna vinnudaga á úthaldstímabili. Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum skal miða við þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt samningi um hlutaskipti. Þeir dagar sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa, en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu einnig taldir hér. Þessa daga má tilgreina í einni tölu fyrir allt árið. Ef hugbúnaður gerir ráð fyrir öðru má skipta dagafjölda í tvennt og færa tölu fyrir fyrri hluta ársins í reit 87 og fyrir síðari hluta ársins í reit 88.

16 Ökutækjastyrkur:

Allar greiðslur til launþega fyrir afnot af ökutæki hans skal færa í þennan reit hvort sem þær miðast við fastákvæðna fjárhæð á ári, ekna kílómetra, endurgreiðslu rekstrarkostnaðar eða greiðsla er ákvörðuð á annan hátt.

73 Þar af undanþ. staðgreiðslu:

Hér skal færa þá fjárhæð ökutækjastyrks sem ekki skal greidd af staðgreiðsla skatta, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

17 Dagpeningar:

Hér skal tilgreina fjárhæð dagpeninga og annarra ferðapeninga greidda launþegum vegna ferða og námskeiða, svo og þjálfunar og eftirlitsstarfa á vegum vinnuveitanda. Ferðapeninga sem launþegi hefur fengið endurgreidda hjá vinnuveitanda sínum skv. kostnaðarreikningum frá þriðja aðila skal ekki færa hér.

74 Þar af undanþ. staðgreiðslu:

Hér skal færa þá fjárhæð dagpeninga sem ekki skal greidd af staðgreiðsla skatta, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

21 Greiðslur úr lífeyrissjóði:

Hér skal færa greiðslur úr lífeyrissjóði. Eftirlaun frá launagreiðanda skal færa í reit 02.

33 Fæðishlunnindi:

Hér skal færa fjárhæð metinna fæðis- hlunninda samkvæmt auglýstu skattmati rikisskattstjóra.

60 Bifreiðahlunnindi:

Hér skal færa fjárhæð bifreiðahlunninda sem metin hafa verið til tekna skv. auglýstu skattmati rikisskattstjóra.

22 Greitt fyrir vörubílaakstur:

Hér skal tilgreina greiðslur fyrir vörubílaakstur, með virðisaukaskatti.

70, og 71 Sundurliðun á staðgreiðslu:

Hér skal færa samtölur úr sundurliðun á staðgreiðslu ársins samkvæmt RSK 5.06

29 Ýmsar greiðslur og hlunnindi:

Tilgreina skal hér með texta og fjárhæð eftir atvikum:

- Fatnað sem launþegi fékk án endurgjalds.
- Fasteignamat íbúðarhúsnæðis, að meðtalinni hlutdeild í fasteignamati lóðar, sem látið er launþega í té endurgjaldslaut eða með óeðlilega lágu endurgjaldi, svo og afnot í mánuðum.
- Greiðslur til launþega á kostnaði hans og fjölskyldu vegna búferlaflutninga.
- Atvinnuleysisbætur.
- Björgunarlaun.
- Fóðrun búfjár.
- Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þó ekki tækifærissgjafir ef verðmæti þeirra er ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir. Framlög og gjafir gefnar sem kaupauki, sbr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, ber að færa sem vinnulaun í reit 02.
- Skaðabætur og váttryggingafé greitt vegna sjúkdóma, slysa, atvinnutaps eða launamissis, svo og hvers konar aðrar slysabætur, váttryggingabætur og tryggingabætur.
- Endurgjald til höfunda eða rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu. Greiðslur fyrir einkaleyfi, framleiðslurétt, útgáfurétt og sérþekkingu.
- Verðlaun og heiðurslaun. Vinning í happdrætti, veðmáli eða keppni.
- Styrkir og styrktarfé úr hvers konar sjóðum opinberra stofnana, félagasamtaka, stéttarfélagi eða annarra aðila.
- Félagsleg aðstoð og húsaleigubætur.

Véltæk skil

Þeir sem skila launamiðum á tölvutæku formi eru beðnir um að kóða eftirtaldir greiðslur, sem færðar eru í reit 29, með tveggja stafa tölu:

27) Fatnaður, 54) Atvinnuleysisbætur, 58) Björgunarlaun, 34) Fóðrun búfjár, 59) Skaðabætur og váttryggingarfé, 56) Endurgjald til höfunda, 61) Styrkir og styrktarfé, 66) Dreifbýlisstyrkur, 62) Félagsleg aðstoð, 67) Húsaleigubætur og 04) Hlutabréf á undirverði (mismunur á gangverði og afhendingarverði).

Eftirtalið er ekki kóðað sérstaklega, en færast í reit 29 ásamt skýringartexta:

- Fasteignamat íbúðarhúsnæðis
- Greiðslur til launþega vegna búferlaflutnings
- Beinar gjafir
- Verðlaun og heiðurslaun.

Almennir lífeyrissjóðir

	Númer	
450290-2549	Almennur lífeyrissjóður VÍB	5
450181-0489	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	15
680297-2909	Séreignarlífeyrissjóðurinn	20
510169-3799	Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	30
470198-3709	Eftirlaunasj. Hafnarfj. A - Deild	40
510169-7009	Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðar	50
510169-3609	Eftirlaunasj. Reykjanesbæjar	60
510169-4259	Lífeyrissjóður bankamanna	70
510169-3959	Eftirlaunasj. Státurfél. Suðurlands	80
510169-4339	Lsj. starfsm. Búnaðarbanka Ísl. hf.	90
510169-6979	E. starfsmanna Óliuverf. Íslands	110
510169-6899	E. starfsmanna Útvegsbanka Íslands	120
650188-1799	E. starfsmanna Íslandsbanka h.f.	125
520169-7339	Tryggingasjóður lækna	130
600978-0129	Frjálsi lífeyrissjóðurinn	135
480673-1159	Lsj. Akraneskaupstaðar	140
430798-3249	Lsj. arkitekta og tæknifræðinga	150
650376-0809	Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna	180
450771-0589	Lsj. Austurlands	190
561195-2779	Lsj. Framsýn	200
430269-5189	Lsj. blaðamanna	210
641072-0879	Lsj. Bolungarvíkur	220
670172-0589	Lsj. bænda	260
430269-5859	Lsj. Eimskipafélags Íslands	280
610794-2119	Lsj. Eining	285
430269-5429	Lsj. starfsmanna Húsvikurkaupstaðar	300
430269-2839	Lsj. Flugvirkjafélags Íslands	330
430269-4889	Lsj. hjúkrunarfræðinga	350
430269-3999	Lsj. KEA	390
480673-1239	Lsj. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	400
640572-1089	Lsj. leigubíleigjafélaga	420
581096-2759	Lífeyrissjóðurinn Lífið	430
430269-5779	Lsj. lækna	440
620492-2809	Sameinaði lífeyrissjóðurinn	450
430269-6079	Lsj. Mjólkursamsölnunnar	480
601092-2559	Lsj. Norðurlands	500
430269-4539	Lsj. Neskaupstaðar	510
660472-0299	Lsj. Rangæinga	540
430269-0389	Samvinnulífeyrissjóðurinn	550
460673-0119	Lsj. sjómanna	560
430269-5939	Eftirls. slökkviliðsm. á Keflavfiv.	570
430269-1949	Lsj. starfsmanna Áburðarverksm.	590
430269-0899	Lsj. starfsm. Reykjavíkrapóteks	630
430269-6589	Lsj. starfsm. Reykjavíkurborgar	640
430269-6669	Lsj. starfsm. ríkisins B-deild	650
550197-3409	Lsj. starfsm. ríkisins A-deild	660
421198-2259	Lsj. starfsm. ríkisins, S-deild	670
491098-2529	Lsj. starfsmanna sveitarfélaga A	680
430269-3809	Lsj. starfsmanna Sjóvátrfél Íslands	690
480673-0699	Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjakaupst	700
460172-0479	Lsj. Suðurlands	720
430269-1519	Lsj. Tannlæknafélags Íslands	730
571171-0239	Lsj. Suðurnesja	760
641072-0799	Lsj. verkafólks í Grindavík	770
630173-0439	Lsj. verkalyðsfél. á Norðurl. vestra	790
630371-0669	Lsj. Vesturlands	800
430269-4299	Lsj. verkfræðinga	820
430269-4459	Lsj. verslunarmanna	860
490671-0809	Lsj. Vestfirðinga	870
580572-0229	Lsj. Vestmanneyinga	880
620169-3159	Lsj. Hlíf	900
590269-7279	Lsj. Skjöldur	920
430990-2179	Íslenski lífeyrissjóðurinn	930
660280-0229	Umsjónarnefnd eftirlauna	990

Séreignarsjóðir

	Númer	
450290-2549	Almennur lífeyrissjóður VÍB	5
450181-0489	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	16
441297-9209	Lífeyrissjóður bankamanna 2	71
450771-0589	Lsj. Austurlands, séreign	195
561195-2779	Lsj Framsýn, séreign	201
610794-2119	Eining, lífeyrissjóður	285
560882-0419	Séreignasjóður Kaupþings	286
450979-0239	LÍFSVAL - valkostur 1	287
450979-0239	LÍFSVAL - valkostur 4	288
450979-0239	LÍFSVAL - valkostur 5	289
581096-2759	Lífið, séreign	431
620492-2809	Sameinaði lífeyrissj., séreign	452
620492-2809	Sameinaði lífeyrissj., valdeild	453
680568-2789	Sameinaða líftryggingarfélagið hf.	490
570990-1449	Líftryggingafélag Íslands Hf.	495
601092-2559	Lsj. Norðurlands, séreign	501
460673-0119	Lsj. sjómanna, séreignadeild	561
421198-2259	LSR séreignardeild	670
491098-2529	Lsj. starfsm. svfél. séreign	686
571171-0239	Lsj. Suðurnesja, séreign	761
630371-0669	Lífeyrissj. Vesturlands, séreign	801
430269-4299	Lífeyrissj. verkfræðinga, séreign	821
490671-0809	Lífeyrissj. Vestfirðinga, séreign	872
580572-0229	Lsj. Vestmannaeyja, séreign	881
620169-3159	Lsj. Hlíf, séreign	901
540291-2259	Lífeyrisbók Landsbankans	931
520789-3329	Fjárvörslureikningar Landsbréfa	932
570990-01449	Lífis, lífeyrissöfnun	933

LAUNAFRAMTAL 2000

Launaframtali í tvíriti ásamt frumriti launamiða ber að skila til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 21. janúar 2000.

Stofn til tryggingagjalds

Hér skal tilgreina samtölur í reitum af launamiðum (sem fylgja framtalinu) og aðrar greiðslur sem áhrif hafa á stofn til tryggingagjalds. Þetta eru fjárhæðir úr reitum 02, 60, 33 og 16 auk mótfamlags launagreiðenda í lífeyrissjóð og mismunar á fjárhæðum í reitum 17 og 74.

Hafi launagreiðandi sem reiknar sér endurgjald greitt í samþykktan lífeyrissjóð af sínum launum þarf aðeins að færa á framtalið mótframlag hans í lífeyrissjóð sem er umfram 6%.

Greiðslur eftirlauna og lífeyris úr samþykktum lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins mynda ekki stofn til tryggingagjalds.

Fjöldi verktakamiða

Hér skal færa fjölda þeirra miða sem skilað er fyrir verktakagreiðslur og greiðslur fyrir vörubilaakstur.

Fjöldi launamiða

Hér skal tilgreina heildarfjölda launamiða sem skilað er, bæði vegna launa og verktakagreiðslna.

Greiðslur til verktaka

Hér skal tilgreina heildarfjárhæð verktakagreiðslna (06) og greiðslna fyrir vörubilaakstur (22)

Sundurliðun stofns eftir gjaldstigum

Hér skal sundurliða stofn til tryggingagjalds eftir gjaldstigum á hvert greiðslutímabil, en hver almanaksmánuður er eitt greiðslutímabil. **Athugið að í stofninum á að vera meðtalið mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð.**

Ef um er að ræða tvískiptan rekstur sem skiptist á bæði gjaldstig, skal tilgreina laun vegna yfirstjórnar sérstaklega en ekki hafa þau innifalin í hinum dálkunum tveimur.

Laun vegna fiskveiða

Hér skal færa laun sem greidd eru sjómönnum vegna fiskveiða. Þau mynda stofn til gjalds í sérstöku gjaldstigi auk þess sem greiða ber 0,65% iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Hafi útgerðarmaður sagt upp þeirri tryggingu sér skattstjóri til þess að iðgjaldið bætist ekki við.

Gjaldstig tryggingagjalds

Tryggingagjald skiptist í tvö gjaldstig eftir atvinnugreinum.

Almennt gjaldstig er 5,53%
Sérstakt gjaldstig er 4,78%

Sjá lista á bakhlíð launafamtals yfir þær atvinnugreinar sem eru í sérstöku gjaldstigi.

Undirskrift

Mikilvægt er að undirrita launafamtalið áður en því er skilað. Launafamtal sem ekki er undirritað telst ófullnægjandi.



Launaframtali í tvíriti ásamt frumriti launamiða ber að skila til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 21. janúar 2000

Launaframtal 2000 Launagreiðslur 1999

Framtalið berist	Kennitala
	Sveitarfélag lögheimils
Nafn - postfang	Reiknað endurgjald framteljanda og maka sem myndar stofn til tryggingagjalds verður fengið úr leit 24 á skattframtali. Hafi launagreiðandi sem reiknar sér endurgjald greitt í samþykktan lífeyrissjóð mótfamlag, sem er meira en 6% af reiknuðu endurgjaldi, þarf að færa það sem er umfram 6% á launafamtalið, sem stofn til tryggingagjalds. Um roðun í tímabil verður farið eftir upplýsingum frá framteljanda sem fyrir liggja á staðgreiðsluskrá. Ath. að ekki skal færa reiknað endurgjald á launafamtal.

Fjárhæðir á launamiðum og aðrar greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds

Reitur 02	Reitur 16	Reitur 17
Reitur 60	Reitur 74	
Reitur 33	Björgunarlaun* Allt mótframlag í lífsj.*	Mismunur 17-74
	Stofn til tryggingagjalds	Fjöldi launamiða
	Reitur 06 og 22** Greiðslur til verktaka	Fjöldi verktakamiða

Tímabil	Stofn í almennu gjaldstigi 5,53%	Stofn í sérstöku gjaldstigi 4,78%	Laun vegna yfirstjórnar	
Jan.				* Við stofn til útreiknings tryggingagjalds samkvæmt launamiðum bætast björgunarlaun, svo og mótframlag launagreiðenda í lífeyrissjóð. (Sjá þó um mótframlag vegna reiknaðs endurgjalds hér að ofan.) **Koma ekki í stofn tryggingagjalds
Febr.				
Mars				
Apríl				
Mai				
Júní				
Júlí				
Ágúst				
Septr.				
Okt.				
Nóv.				Hér skal færa framlag launagreiðanda vegna heimildar um 2% viðbótar lífeyrissparnað, hámark 0,2% af gjaldstofni.
Des.				
Alls				

Laun vegna fiskveiða 0,65%
Launagreiðslur vegna sjómennsku á fiskiskipum innifaldar í áður tilgreindum launum.

Jan.	
Febr.	
Mars	
Apríl	
Mai	
Júní	
Júlí	
Ágúst	
Septr.	
Okt.	
Nóv.	
Des.	
Alls	

Stofn til tryggingagjalds með gjalddaga 1. ágúst. Laun undanþegin staðgreiðslu eru skattskyld hlunnindi og reiknað endurgjald lægra en kr. 179.427.

Gjaldstig	Reiknað endurgjald barna	Laun undanþegin staðgreiðslu
5,53%		
4,78%		
0,65%	Laun vegna fiskveiða	
Hér skal tilgreina hlunnindi sem ekki eru greidd í peningum en metin skv. skattmáli ríkisskattstjóra		Fyllist út af skattstjóra
		Gjaldstofn 5,53%
		hlunninda 4,78%

Athugasemdir framteljanda

Það staðfestist að launafamtal þetta ásamt meðfylgjandi launamiðum er gefið eftir bestu vilund og er í samræmi við fyrirliggjandi gögn.

Dags. Undirskrift

Mótframlag vegna viðbótar lífeyrissparnaðar

Hér skal færa mótframlag launagreiðanda vegna iðgjalda launamanna til aukningar lífeyrisréttinda sem greidd voru á árinu í samþykktan lífeyrissjóð eða annan sjóð sem fellur undir 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Þessi fjárhæð kemur til lækkunar á tryggingagjaldi og getur að hámarki orðið 0,2% af gjaldstofni.

Tryggingagjald með gjalddaga 1. ágúst

Í þessa reiti færast hlunnindi sem ekki eru greidd í peningum, laun undanþegin staðgreiðslu og reiknað endurgjald barna. Tryggingagjald sem lagt er á þessar greiðslur er með gjalddaga 1. ágúst.

Reiknað endurgjald manns og maka hans við eign atvinnurekstur kemur hins vegar ekki fram á launafamtali.

Tryggingagjald af hlunnindum

Hér skal tilgreina hlunnindi sem metin eru til tekna samkvæmt skattmáli ríkisskattstjóra og mynda stofn til tryggingagjalds með gjalddaga 1. ágúst. Gerð skal grein fyrir því hver hlunnindin eru ásamt gjaldstigi.